

# FJÁRMUNUMA

■ Aðgerðir til að koma í veg fyrir þrot ■ Kostnaður var vanáætlaður ■ B

Sólrun Lilja Ragnarsdóttir

blaðamaður skrifar

solrun@dv.is



**P**arna er bara verið að staðfesta það hvað allar áætlunar voru á sandi byggðar árið 2009. Þá var fullyrt hvað eftir annað við okkur stjórnálmamenn, bæði borgarfulltrúa og alþingismenn, að þetta framlag ríkis og borgar myndi duga til byggingar og reksturs hússins, segir Kjartan Magnússon, borgarfulltrúi Sjálfstæðisflokkssins, um þá ákvörðun borgarstjórnar að samþykka viðbótarframlög til Hörpu upp á rúmlega 1,4 milljarða króna næstu fjögur árin, eða til 2016. Málid var samþykkt á fundi borgarstjórnar síðastliðinn þriðjudag.

Eigendalánum upp á 794 milljónir króna verður breytt í viðbótarframlag borgarinnar til Hörpu og árlegar greiðslur til tónlistar- og ráðstefnuhússins aukast um 160 milljónir króna árið til ársins 2016. „Þetta var ákvæðið til fjögurra ára og það eru 640 milljónir bar, en mér segir nú svo hugur að eftir fjögur ár verði ekkert hægt að lækka framlagið. Þá bara einhvern veginn heldur það áfram, býst eg við,“ segir Kjartan.

Áður höfðu íslenska ríki og Reykjavíkurborg skuldbundið sig til að leggja um milljarð króna árið í rekstur Hörpu í 34 ár.

## Sagði Hörpu standa undir sér

Þegar fyrirtækið Austurhöfn, sem er að 54 prósentum eigu ríkis og 46 prósentum í eigu borgar, tók yfir rekstur Hörpu árið 2009 var miðað við að hið opinbera þyrfti ekki að leggja meira fjármagn til verkefnisins en upphaflega hafði verið ákvæðið. Í samningi um verkefnið er þó endurskoðunarákvæði um fjármálfögum.

Pétur J. Eiríksson, stjórnarformáður Portus, sem átti og byggði Hörpu, sagði í samtali við DV í nóvember árið 2010 að tekjur Hörpu myndu algjörlega standa undir rekstrarkostnaði. „Við áætlu að rekstrarkostnaður Hörpu árið 2012, sem er fyrsta heila rekstrararár, verði 1.503 milljónir og að rekstrarhagnaður verði 69 milljónir. Það er ekki gert ráð fyrir rekstrarframlögum frá ríki og borg,“ sagði Pétur. Sú reyndist þó ekki raunin.

## Tryggja reksturinn til frambúðar

Kostnaðurinn virðist hafa verið stórlægum vanáætlaður í upphafi og eru aðgerðirnar nú til þess að koma í veg fyrir að Harpa fari í prot. Rekstrarafkoma hússins var neikvæð um 407 milljónir árið 2012 samkvæmt úttekt KPMG sem gerð var að beiðni eigenda hússins um skipulag og rekstur þess á síðasta ári. Í úttektinni kemur jafnframt fram að rekstur Hörpu hafi gengið samkvæmt áætlun og að 250 þúsund manns hefðu sótt 367 tónleika og menningarviðburði í húsinu á fyrsta starfsári þess.

„Aðgerðirnar munu tryggja rekstur Hörpu til framtíðar. Með aðgerðunum er tekið á skuldum Hörpu sem komnar eru til vegna byggingarkostnaðar sem ekki var áætlað fyrir þegar ríki og Reykjavíkurborg tóku bygginguna yfir og rekstrarkostnaðar sem var vanáætlaður í byrjun,“ segir á vef Reykjavíkurborgar um viðbótarframlögum sem samþykkt hafa verið.

Aukið framlag Kjartani segir svo hugur að ekki verði hægt að lækka framlag til Hörpu eftir fjögur ár.

MYND SISTTRYGGUR ARI



**„Ráðning Halldórs lyktaði bara því miður af spillingu. Þetta var mjög pólitisk ráðning.“**

Þar segir jafnframt að rekstraráætlanir geri ráð fyrir að tekjur vegna ráðstefnuhalds fari stigvaxandi á tímabiliðum til 2016. Tekið er fram að húsið hafi haft góð áhrif á tónlistarhlífi í landinu og sé orðið eitt helsta kennileiti Reykjavíkur.

## Athugasemdir kaffærðar

Kjartan segir að hann og fleiri hafi frá upphafi dregið í efa að sú fasta upphæð sem ríki og borg skuldbundu sig til að greiða dygði til byggingar og reksturs Hörpu. Þær athugasemdir hafi hins vegar ávallt verið kaffærðar um sér sé að ná rekstrarbata upp á 250 í flóknum útreikningum sem áttu að sýna fram á upphæðin dygði.

„Ég held að flestir stjórnálmamenn sem samþykktu þetta hafi gert það í trausti þess að þessi milljarður myndi duga. Svo náttúrulega dugar hann ekki neitt. Þetta er ekki í fyrsta sinn sem samþykkt eru viðbótarframlög í verkefnið og ég óttast að

það verði ekki í síðasta sinn heldur.“ Kjartan segir áhættu fyrir hendi og að næsta verkefni sé að áhættugreina verkefnið betur. „Hvaða áhættu er þetta fyrir skattgreiðendur, og líka áhættumeta viðhaldið.“

Hann óttast að sú hagræðing sem gert er ráð fyrir að eigi sér stað í rekstri Hörpu á næstu árum dugi einfaldlega ekki til og húsið muni ekki standa undir sér. Niðurstaða fjárhagsáætlunar Hörpu fyrir árin 2012-2016 og úttektar KPMG á rekstri og skipulagi hússins er sú að unnt sé að ná rekstrarbata upp á 250 milljónir með ýmsum aðgerðum.

## Dómsmál vegna fasteignagjalda

Það sem meðal annars er að sliga rekstur Hörpu eru svimandi há fasteignagjöld. Sú áætlun sem Austurhöfn kynnti aðilum og lá til grundvallar ákvörðunum ríkis og borgar

við yfirtöku verkefnisins árið 2009 innihélt áætlun um fasteignagjöld upp á 147 milljónir króna, uppreiknuð að núvirði 182 milljónir. Álögð fasteignagjöld eru hins vegar 353 milljónir og mismunurinn því 155 milljónir króna. Stjórnendur Hörpu hafa höfðað dómsmál vegna fasteignamats hússins sem þeir telja allt af hátt Falli dómsmálið stjórnendum Hörpu í vil mun það væntanlega leida til endurgreiðslu á gjöldunum sem gerir félaginu kleift að greiða niður skammtimalan og draga úr fjárfamlögum frá eigendum í framtíðinni. Niðurstaða í dómsmálinu mun þó ekki ligga fyrir fyrr en í fyrsta lagi árið 2014 og leysis ekki þann lausajárvanda sem Harpa glímir við nú.

## Pólitískasta ráðning kjörtímfabilssins

Kjartan telur jafnframt að ýmislegt megi betur fara í rekstrinum og að ekki hafi verið nögu vel staðið að ráðningunum forstjóra Hörpu, Halldórs Guðmundssonar.

„Það vissu allir að rekstur Hörpu yrði þungur fyrstu árin. Það var talað um það í hópi borgarfulltrúa og eflaus alþingismanna líka að það yrði

að fá einhvern mjög finan rekstrarman til að reka hana og stjórn. Bæði til að halda kostnaði í hófi og til að laða sem flesta gesti inn í húsið.“


Kjartan telur að Halldór Guðmundsson sé ekki besti maðurinn til að reka tónlistar- og ráðstefnuhús af þeiri stærðargráðu sem Harpa er. „Það var ekki gefið upp hverjir sótu um. Það voru tugir manna sem sótum um og ég veit að í hópi þeirra voru nokkrir mjög flinkir rekstarmenn sem ég veit að hefðu getað gert góða hluti.“ Listi yfir umsækjendur hefur ekki verið gerður opinber en Kjartan segir stjórnendur Hörpu hafa skýlt sér bak við að um væri að ræða opinbert fyrirtæki sem ekki heyrði undir stjórnslulög.

Kjartan vonast þó til að Halldór, sem hann segist hafa miklar mætur á, muni gera góða hluti. „Ráðning Halldórs lyktaði bara því miður af spillingu. Þetta var mjög pólitisk ráðning. Pólitískasta ráðning kjörtímfabilssins.“

Þá bendir Kjartan á að helmingur 36 starfsmanna Hörpu hafi einhverja stjórnunar- eða yfirmannstíla og veltir því fyrir sér hvort fastir starfsmenn þurfi að vera svona margi.


# AUSTRÓÐ Í HÖRPU

Borgarfulltrúi telur ekki gert ráð fyrir viðhaldskostnaði ■ Lykt af spillingu



## Er nauðsynlegt fyrir samfélagið

Söngvarinn Egill Ólafsson var formaður grasrótahreyfingar sem á sínum tíma stöðlaði að byggingu tónlistarhúss. Hann segir að ef við ætlum að vera samfélag sem vex og dafnar þá verðum við að eiga tónlistarhús. „Áttum okkur á því að tónlistin er sú listgrein sem inniheldur allar hinar listgreinarnar í rauninni. Hún fæst við tungumálið, hið sjónræna og hið abstrakta, hún er marghliða. Ef við hefðum ekki hús utan um það þá væri lífið mjög fátæklegt. Það kostar auðvitað pening að halda utan um þetta en þetta skilar sér margfalt til baka.“ Hann bendir á að sá sem hlusti á tónlist og njóti hennar búi alltaf að betra heilsufini en hinir. Ef allt sé vegið og metið út frá peningalegum sjónarmiðum þá geti maður spurt sig hvort það borgi sig yfir höfuð að draga andann. „Tónlistin er alveg jafn mikilvæg og hvað annað.



Tónlistin mikilvæg

Egill segir tónlistina í raun innihalda allar hinar listgreinarnar. „Í þessu samfélagi, eins og maturinn sem við borðum,“ segir Egill sem hugsanlega hefur rétt fyrir sé hvað það varðar ef marka má niðurstöður rannsóknar á skapandi greinum hér á landi sem gerð var árið 2010. Var það í fyrsta skipti sem heildræn rannsókn var gerð á málaflokknum.

Niðurstöður rannsóknarinnar voru að skapandi greinari skiptu verulegu máli í íslensku atvinnu- og efnahagslífi. Fram kom að velta í skapandi greinum hefði numið að minnsta kosti 189 milljörðum króna árið 2010 sem er mun meiri velta en í sjávarútvegi og landbúnaði til samans. ■

## Telur heildarkostnað vera um 30 milljarða

### ■ Segir snúið út úr fyrirspurn sinni

Kjartan óskaði í september í fyrra meðal annars eftir upplýsingum um heildarkostnað við byggingu Hörpu og tengd mannvirkja að númerandi verðlagi. Í svari borgarstjóra kom fram að við yfir töku verkefnisins árið 2009 hafi heildarkostnaður verið áætlaður 14,5 milljarðar króna, eða 16,7 milljarðar á númerandi verðlagi miðað við hækkun neysluverðsvítölju. Í síðustu útkomuspá er hins vegar gert ráð fyrir að heildarkostnaðurinn verði 17,5 milljarðar króna, eða 800 milljónum hærri en áætlað var.

Kjartani finnst með þessu

svari snúið út úr fyrirspurn sinni því þarna sé verið að halda fram lægstu upphæðinni. „Pegar það er talað um þessa upphæð þá fer fólk að ímynda sér að þetta hús hafi ekki kostað meira, en það kostaði miklu meira.“ Hann segir það rangt að aðeins 17,5 milljarðar lenti á skattgreiðendum. Hann telur upphæðina nær 30 milljörðum króna.

Honom finnst það rangt gagnvart skattgreiðendum að lægstu tölunni sé ávallt heldið fram. „Ég tók það sérstaklega fram þegar ég spurði að ég væri að spryja um stóru töluna. Mér finnst eins og það sé verið að snúa út úr.“ ■



17,5 milljarðar í svari borgarstjóra við fyrirspurn Kjartans segir að heildarkostnaðurinn við byggingu Hörpu og tengd mannvirkja sé 17,5 milljarðar króna.

## 33 milljónir til stjórnarmanna

### ■ Stjórnarformaður fékk 13 milljónir

Kjartan óskaði einnig eftir upplýsingum um laun og hlunnindi stjórnarmanna í þeim félögum sem tengjast Hörpu frá 15. júní 2010. Um síðustu áramót var stjórnkerfi Hörpu einfaldað en fram að því höfðu áttu félög verið rekin undir hatti Hörpu; Portus, Totus, Situs, Hospes, Custos, Stæði, Hringur og Ago. Nú er félagið aðeins eitt og nefnist Hara.

Í svari borgastjóra kom fram að heildargreiðslur til stjórnarmanna væru rúmar 33 milljónir króna á tímabilinu maí 2011 til september 2012.

Pórunn Sigurðardóttir sem gegndi stjórnarformennsku í rekstarfélaginu Ago og var með-



Fékk 13 milljónir Pórunn Sigurðardóttir fékk 13 milljónir króna í laun fyrir stjórnarformennsku í félögum tengdum Hörpunn.



Fékk 11 milljónir Pétur J. Eiríksson fékk tæpar 11 milljónir fyrir störf sín.

Portus, Totus, Situs, Hospes og Custos ásamt því að sitja í stjórn rekstarfélagsins Ago. Hann hlaut tæpar 11 milljónir króna fyrir störf sín á tímabilinu. Greiðslur til annarra stjórnarmanna voru mun lægri. ■

## Alltaf hætta á móðu og leka

### ■ Ábyrgð verktaka að renna út

Kjartan bendir á að nú stytist ábyrgð verktaka á byggingunni óðum í annan endann og miðað við úttektarskyrslu KPMG um rekstur og skipulag Hörpu þá sé ekki gert ráð fyrir miklum viðhaldskostnaði næstu árin. Vert er að minnast þess að ýmislegt gekk á við byggingu Hörpu. Til að mynda kom óvænt bakslag í verkefnii á haustmánuðum árið 2010 þegar í ljós kom að málalsexstrendingar á suðurhlíð hússins voru gallaðir. Bíði að var að setja upp allan veginn og átti einungis eftir að glerja hann. Gallarnir voru það stórvægilegir að rífa þurfti allan vegginn niður og setja upp á nýjan leik. Kínverskt verktakafyrirtæki sem sá um uppsettninguna bar þó allan kostnaðinn af því.

Pegar veggurinn var settur upp í annað sinn kom í ljós ryð í málensexstrendingunum, en forsvars-menn Hörpu sögðu það eðlilegt. Málmurinn yrði einfaldlega þúss-ður og máladrur áður en glerið væri sett á. Verkfraeðingur sem DV ræddi við um ryðið árið 2010 sagði það mjög vandasamt verk að festa gler á málmlflöt þannig að það yrði þétt og vel fast. Hreinsa þyrti sót og óhreindindi af fletinum, þar með talið ryð, fitu, mengun frá bláumferð og sót. Verkfraeðingurinn sagði aðstæður á Hafnabakkanum erfiðar til hreinsunar. „Það er alltaf hætta á að það komi móða eða leiki einhvers staðar og þa er maður náttúrulega svolfti útsettur fyrir því að hafa komist alveg fyrir petta. Ryð skapast fljótt á venjuleg-



Viðhaldskostnaður mikill Kjartan telur að ekki sé gert ráð fyrir viðhaldskostnaði nema að hluta til í rekstraráætluninni.

um málmi ef það liggur á honum vatn,“ sagði verkfræðingurinn. Kjartan telur viðbúið að viðhaldskostnaður við Hörpu verði töluberður og að ekki sé gert ráð fyrir honum nema að hluta til í rekstraráætluninni. ■